

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



Kennsluáætlun

1. bekkur

Skólaárið 2018 – 2019

Júlía Traustadóttir Kondrup

Sú breyting sem á sér stað hjá börnum við að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla er heilmikil og því þarf að huga vel að öllum. Sumir eru tilbúnir til að takast á við það sem grunnskólinn fer fram á. Svo eru aðrir sem eiga erfiðara með það og þurfa því lengri aðlögunartíma.

Á síðasta skólaári fór fram heilmikil vinna með nemendum 1. bekkjar með því að sameina þau allt skólaárið, bæði á bókasafninu og á skólavistinni. Það er fullvíst að það hefur svo sannarlega skilað miklu. Börnin þekkja hvert annað og þurfa því ekki að vera að reyna að læra nöfnin á hvort öðru þegar skólinn byrjar.

Úthald sex ára nemenda er ekki mikið og því verður ekki unnið við sama verkefnið í 80 mínútur. Mikið verður um uppbrot í hverjum tíma og gæti jafnvel virkað á suma eins og það sé stokkið úr einu í annað. En svo er nú ekki raunin heldur verður smátt og smátt aukið við vinnuþol nemenda.

Mikilvægt er að nemendum líði strax vel í skólanum, séu ánægðir og vilji koma þangað. Því þarf að hlúa vel að þeim og leyfa þeim að finna að þau séu velkomin og að kennari hlakki til að eyða deginum með þeim.

Kennsluáætlun þessi er gróf áætlun um það hvernig ég ætla að vinna með nemendum mínum í vetur og mun hún vera í gildi í alla vetur.

Íslenska

Markmið: Að
nemandi

Lestur

- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum.
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum, setningum og greinarmerkjum.
- auki orðaforða sinn og efli málskilning.
- vinni með eigin frásagnir og sögur.
- efli lesskilning sinn og auki lestrahraða.

Ritun

- læri að draga rétt til stafs.
- fái þjálfun í skrift.
- skrifi sjálfir með aðstoð eigin texta, ljóð og verkefni sem tengjast ýmsum námsgreinum.
- þjálfist í að stafsetja rétt.

Málfræði

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum.
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn.
- þekki sérhljóða og samhljóða.
- fái tækifæri til að nota tungumálið og leika sér með það á fjölbreyttan hátt.

Talað mál og hlustun

- þjálfist í að segja frá og hlusta á aðra
- þjálfist í að endursegja og lesa sögur og ljóð
- efla sjálfstraust

Bókmenntir

- kynnist ýmsum tegundum bókmennta, t.d. þjóðsögum, ævintýrum, skopsögum, vísnum og ljóðum.
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs

	<ul style="list-style-type: none"> • kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og rím
<i>Námsefni</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Það er leikur að læra 1 og 2. • K-PALS námsefnið verður notað með markvissum hætti. • Nemendur skrifa stafi í stílabækur ásamt því að vinna verkefnablöð. • Ýmiss konar spil verða notuð. • Lögð verður áhersla á að nemendur skoði bækur og kennari les fyrir nemendur á hverjum degi.
<i>Kennsluaðferðir og skipulag</i>	Stafainnlögn fer fram bæði með aðstoð K-PALS og byrjendalæsis. Unnið verður í hringekju þar sem nemendur fá bæði bókleg sem og verkleg verkefni. Áhersla er lögð á samvinnu á meðal nemenda.
<i>Heimanám</i>	Aðaláherslan verður lögð á lestur, einstaka verkefni frá kennara gætu bæst við.
<i>Námsmat</i>	Símat verður þar sem námsmarkmið af Mentor verða höfð til hliðsjónar og farið yfir þau reglulega. Skimanir og lestrarpróf verða í höndum sérkennara og lögð fyrir þegar við á.

Stærðfræði

<i>Markmið</i>	Grundvallarfærni í stærðfræði <ul style="list-style-type: none">○ að geta tjáð sig munnlega eitt hið mikilvægasta sem nemendur læra á fyrstu námsárunum, er að útskýra með hjálp stærðfræðinnar reikningsaðferð eða ákveðið hugsanaferli við lausn verkefna.○ að geta tjáð sig skriflega að nemandi geti notað óhlutbundnar aðferðir til að tjá hvernig þeir vinna í stærðfræði.○ að geta lesið nemendur þurfa að geta lesið og skilið einföld stærðfræðiverkefni.○ að geta reiknað nemandi geti talið án þess að nota áþreifanleg hjálpartæki og geti leyst einföld verkefni úr raunverulegum, hversdagslegum kringumstæðum○ að geta notað tölvur og reiknivélar lítil áhersla á notkun stafrænna hjálpartækja í 1. bekk, fyrst þarf lágmarksskilning á stærðfræðilegum hugtökum
<i>Námsefni</i>	Sproti 1a og 1b – nemendabækur. Verkefnablöð úr sprotu 1a og 1b. Hluti af Einingu 1 og 2. Húrrahefti. Ýmiss konar efni sem nemendur nota til að átta sig sjónrænt á hinum ýmsu stærðfræðihugtökum. Ýmiss konar spil.
<i>Kennsluaðferðir og skipulag</i>	Innlögn fyrir allan hópinn og svo unnin einstaklings – eða paravinna eftir það. Hringekja notuð. Verklek vinna með ýmsa hluti stærðfræðinnar.
<i>Heimanám</i>	Ekkert í byrjun þar sem áherslan verður lögð á lestur, annars koma æfingarheftin í Sprotu 1a og 1b inn.
<i>Námsmat</i>	Símat þar sem notast verður við markmið af Mentor.

Samfélags- og náttúrufræði

Markmið: að nemandi

- þjálfí skoðun og eftirtekt og að kanna aðstæður og fyrirbæri
- þjálfí hlustun á leiðsögn og að fara eftir leiðsögn
- þjálfí frásögn um það sem sem fyrir augu ber
- læri að skrá niðurstöður sínar með mynd í sögubók
- skoða og rannsaka með því að telja og mæla
- þjálfí nákvæma skoðun
- taki eftir veðri, vindum, úrkomu, birtu og skýjafari
- læri að taka tillit til veðurs t.d. að klæða sig eftir veðri
- átti sig á fjölbreytileika steinanna
- læri mun á lífveru og lífvana hlut
- þekki mun á plöntu og dýri
- þekki einkenni og lífsferla nokkurra lífvera
- kynnist nánasta umhverfi sínu

- þekki líkama sinn, helstu líffæri og hlutverk þeirra
- geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Námsefni

- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Komdu og skoðaðu líkamann

Kennsluaðferðir og skipulag

Unnið verður í lotum með námsefnið og samþætt annarri kennslu. Einnig verður útikennsla í nærumhverfi.

Lífsleikni

Í lífsleikni verður unnið í bekkjarfundum þar sem notast verður við Olweusarefnið. Lögð verður áhersla á að nemendur læri hvað hugtök eins og samkennd, vinátta og virðing er. Einnig verður mikil áhersla lögð á að ekki séu allir eins og að það eigi allir að fá að vera eins og þeir eru.